

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 3-2016

Tími: Mánudagur 14. mars 2016, kl. 14:00, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor, Guðni Þorvaldsson, Hilmar Janusson (í síma í lið 1-2 vék eftir það af fundi), Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir (frá og með lið 3.), Sigríður Hallgrímsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Þar að auki sátu Jón Hallsteinn Hallsson, deildarforseti Auðlindadeildar og Hlynur Óskarsson deildarforseti umhverfiseildar, fundinn til að taka þátt í umræðunni í lið 2.

BP ritaði fundargerð, nema í lið 2 sem BS annaðist .

1. Fundargerð síðasta fundar

Umræða var um orðalag sem sent verður út til ráðsmanna til staðfestingar.

2. Eftirfylgni gagnvart tillögum yfirstjórnar sem óskað var eftir á síðasta fundi háskólaráðs. Jón Hallsteinn Hallsson deildarforseti og Hlynur Óskarsson komu inn á fundinn og greindu frá stöðu vinnunnar við 3ja lið tillagnanna. (BP vék af fundi undir þessum lið vegna vensla við aðila máls og HG vegna setu í kennslunefnd sem tengist máli).

Háskólaráð óskar eftir að rektor og yfirstjórn vinni áfram að leiðum til bættrar vinnustaðamenningar og leggi fram aðgerðaráætlun þar að lútandi. Háskólaráð verði síðan upplýst um framgang málsins.

3. Auglýsing eftir nýjum deildarforseta

Lögð voru fyrir fundinn drög að auglýsingu fyrir deildarforseta. Rektor var falið að vinna texta auglýsingarinnar áfram í samræmi við umræðu fundarins.

4. Viðhorfakannanir nemenda

Lagðar voru fyrir fundinn til kynningar tvennar viðhorfakannanir nemenda til námsins við skólann:

- a) Fyrir nemendur sem voru á öðru ári í BS námi 2015
- b) Fyrir nemendur sem útskrifuðust vorið 2013, spurðir 2015.

Væntanleg er skýrsla um þessar viðhorfakannanir sem gerðar hafa verið fyrir alla opinberu háskólana og unnar sameiginlega fyrir þá alla.

5. Brautarúttekt 2015, Subject level review

Ráðinu var kynnt brautarúttekt gerð fyrir BS nám í umhverfisskipulagi og MS nám í skipulagsfræði, sem er hluti af því ferli sem skipulagt er af Gæðaráði háskóla fyrir alla háskólana í landinu.

6. Skýrsla Lbhí til atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins (ANR)

Lögð var fram til kynningar ofangreind skýrsla sem hefur að geyma yfirlit yfir helstu rannsóknaverkefni skólans og fjárveitingar til hans í gegn um ANR.

8. Næsti fundur

22. apríl 2016 kl. 10-12 á Keldnaholti

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:15.